

Samkaup strax

Mánudaga til föstudaga: **09:00-22:00**

Laugardaga: **10:00-22:00**

Sunnudaga: **10:00-20:00**

17. júní er opið: 10:00-20:00

Verið velkomin
Starfsfólk Samkaup Strax

Frá Skrifstofu Hrunamannahrepps

Í sumar verður skrifstofan opin sem hér segir:
(frá 15. júní til 20. ágúst)

Mánudaga til fimmtudaga: 09—12 og frá 13—16

Föstudaga frá kl: 09—12:30

Vegna sumarleyfa verður skrifstofan lokuð frá
18. júlí til 1. ágúst.



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Breittur viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Athugið!!!
Breytt símanúmer. 480-4700.



183. tbl. 15. árgangur

Júní..2005

Ritstjóri: Ísólfr Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Sparkvöllurinn vígður

Það var mikið um dýrðir á dögnum þegar tíundubekkingar voru að ljúka samræmdu prófunum en þá var sparkvöllurinn vígður formlega. M.a. mætti Eyjólfur Sverrisson sem er framkvæmdastjóri sparkvallarverkefnis KSÍ og einnig mættu landsliðsþjálfararnir Logi Ólafsson og Ásgeir Sigurvinsson. KSÍ menn gáfu um 20 fótbolta til knattspyrnu-deildarinnar og einnig voru skólanum færðir tveir keppnisboltar. Að lokum léku ungir menn knattspyrnu af hjartans list. Völlurinn er kærkomin viðbót við annars góða aðstöðu til íþróttaiðkunar hér og er mikið notaður.

Efnisyfirlit

Ársreikningur.
Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

12. ágúst

Skilafrestur á efni:

9. ágúst

Frá Sundlauginni á Flúðum.
Opnunartími frá 15. júní
Mánudaga til föstudaga
12:00-22:00
Laugardaga og sunnudaga
10:00-18:00.

Ársreikningur Hrunamannahrepps

Ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2004 var samþykktur eftir aðra umræðu 25. maí s.l. Rekstur sveitarfélaga á Íslandi er heldur erfiður um þessar mundir og förum við ekki varhluta af þeirri þróun. Rekstur sveitarfélagsins þyngist með ári hverju og er nauðsynlegt að grípa í taumana og finna leiðir til þess að draga úr þessari þróun. Tekjusamsetning okkar sveitarfélags byggist á útsvari og fasteignagjöldum, framlögum úr jöfnunarsjóði og síðan öðrum tekjum. Útsvarstekjur sveitarfélagsins eru lágar og helgast það að hluta til af því að launþegar standa að stærstum hluta undir þessum tekjubætti sveitarfélagsins. Þá hefur dregið úr framlögum úr jöfnunarsjóði en framlög úr þeim sjóði skipta dreifbýlissveitarfélögin afar miklu máli. Þannig fengum við um kr. 5.000.000 minna úr jöfnunarsjóði árið 2004 en árið 2003. Rekstrartekjur A og B hluta eru 341.000.000 en rekstrargjöld eru 357.000.000 rekstrarniðurstaða án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda samantekið úr A og B hluta rekstrarins er um (16.700.000) og rekstrarniðurstaða samantekið úr A og B hluta er (kr. 33.000.000). Fyrir þessu eru reyndar margar ástæður. Samsetning gjalda og tekna eru með þeim hætti. 64.1 % af skatttekjum sveitarfélagsins fara til fræðslu og uppeldismála. Leikskólagjöld dekka um 25% af kostnaði við rekstur leikskólans. Við greiðum um 7.500.000 með hreinlætismálum en undir þeim flokki er sorphirða. Við greiðum 16.000.000 með vatnsveitu og þannig mætti lengi áfram upp telja. Við greiðum um 12.000.000 með rekstri sundlaugar og íþóttahúss. Þó að íbúum sveitarfélaganna þyki nóg um skattheimtu sveitarfélaganna dekkar hún þó á engan hátt þann kostnað sem þjónustan kostar í raun og veru. Oddvita og sveitarstjóra hefur verið falið að skoða rekstrarþætti sveitarfélagsins til þess að reyna að sporna gegn þessari neikvæðu þróun. Engin ástæða er að örvænta en við verðum að gera okkur glögga grein fyrir þessari þróun því óneitanlega er alltaf mikil pressa á að sveitarfélagið taki á sig meiri kostnað í rekstri – en eins og málin standa í dag verðum við að draga úr kostnaði og auka tekjur þannig að þar sem því verður við komið að rekstrarliðirnir standi undir sér. Það er gaman til þess að vita að einstaklingar og fyrirtæki eru að taka sig saman í sjálfböðavinnu um uppbyggingu á nýju tjaldstæði í framhaldi af gjöfum Maritar og Arnar Einarssonar sem sagt er frá annars staðar í Pésanum.

Ísólfur Gylfi Pálmason.
sveitarstjóri.

Silawrap

Verð með plast , net og garn fyrir
Vélar & Þjónustu eins og undanfarin ár .
Kynnið ykkur verð og greiðslukjör í Bændablaðinu
11.júní . Bændur sem kaupa heilt bretti fá
frían flutning heim á hlað .
Jón Viðar , Dalbæ . Sími : 898 – 1468 .

Barnapössun.

Okkur vantar barnapíu fyrir Dag, sem er tveggja ára,
í þrjár vikur í sumar, frá 25. júlí.
Hafið samband við Úlfar 893 6517 eða Brigitte 861 7419

Iðandi dagar

Iðandi dagar verða á Flúðum um Jónsmessuna (helgina 24.-26. júní) og aftur um Verslunarmannahelgina (29.júlí -1.ágúst). Stefnt er að svipuðu fyrirkomulagi og áður, en þó verða einhverjar nýjungar á boðstólum. Iðandi dagar verða auglýstir betur þegar nær dregur. Undirritaður hefur verið ráðinn starfsmaður við undirbúning fyrir dagana og í kringum þá.

Árni Þór Hilmarsson

Gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2005.

Æskulýðs- og íþróttanefnd Hrunamannahrepps kynnir hér fyrir ykkur fyrstu 2. göngur sumarsins.

Þetta er fjórða sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir og reynum við að höfða til sem flestra með því að hafa þær langar og stuttar, erfiðar og léttar. Í öllum ferðum er fólki boðið upp á að skoða markverða staði.

Ath. allar göngurnar eru á sunnudögum.

Allar dagsgöngur byrja kl 13:00.

Allar kvöldgöngur byrja kl 20:00.

1. ferð 12. júní. Kvöldganga.

Tungufell - Svartagil.

Lagt af stað frá Tungufelli, gengið inn Tungufellsdal í gegnum ilmandi skóginn og Svartagil skoðað, en það er vandlega falið í skóginum og í því mjög fallegur foss.

Endað í Tungufelli.

Áætlaður göngutími 2-3 tímar.

Fararstjóri: Elín Jóna Traustadóttir og Svanur Einarsson

2. ferð. 26.júní. Kvöldganga.

Hrunalundur.

Gengið frá Hruna í fylgd sr. Eiríks sem þekkir Hrunaland vel og kann frá mörgu að segja.

Fallegt landslag sem fáir hafa skoðað. Þar skiptast á vinalegir ásar og gróin dalverpi. Kjörin fjölskylduganga á fögru sumarkvöldi.

Skemmtileg ganga um landið í Hruna.

Áætlaður göngutími 2 klst.

Fararstjóri sr. Eiríkur Jóhannsson prestur í Hruna.

NÆSTU GÖNGUR VERÐA AUGLÝSTAR SÍÐAR.

Stuttar fréttir úr Hrunamannahreppi

Stór gjöf frá Erni og Marit

Á síðasta fundi hreppsnefndar var lesið upp gjafabréf frá þeim hjónum Marit og Erni Einarssyni þar sem þau gefa Hrunamannahreppi tré að verðmæti um 1.200.000 kr. Þetta gera þau í tilefni merkra tímamóta í lífi þeirra. Hreppsnefnd þakkar af alhug þessa höfðinglegu gjöf og þann góða hug sem henni fylgir. Trjánum verður komið fyrir þar sem gert er ráð fyrir nýjum tjaldstæðum og hefur Örn fengið verktaka á staðnum til þess að hjálpa til við flutning þeirra og að sem allra mest sjálfböðavinna verði unnin í kringum mótun þessara nýju tjaldstæða. Í eina tíð var unnin mikil sjálfböðavinna í þessu sveitarfélagi. Þannig var t.d. þegar Félagsheimilið var byggt. Einnig lögðu margir hönd á plóginn í sjálfböðavinnu þegar við reistum sparkvöllinn. Allt er þetta af hinu góða og eflir vonandi samhyggð og samstöðu í hreppnum. Sveitarfélagið er auðvitað okkar allra og allt sjálfböðastarf eflir okkur og styrkir.

Glæsilegur árangur

Við getum verið stolt af unga fólkinu í fjórða bekk Flúðaskóla. Þau hrepptu fern verðlaun í tilefni myndlistarkeppni sem haldin var á alþjóða skólamjólkurdeginum í keppni fjórðu bekkinga. Fjölmargir skólar tóku þátt í keppninni. Af 10 myndum sem viðurkenningu hlutu komu 4 frá nemendum Flúðaskóla. Myndirnar verða notaðar í veggmyndir eða plaköt. Þeir sem verðlaun hlutu voru: Guðjón Örn Sigurðsson, Hafþór Ingi Ragnarsson, Marianna Svansdóttir, og Þórmundur Hilmarsson. Þessu unga fólki og kennurum þeirra þurfiði Unu Pétursdóttur og listakonunni og myndmenntakennaranum Sigríði Helgu Olgeirsdóttur og bekknum öllum er óskað hjartanlega til hamingju með þennan glæsilega árangur. Hrunamenn eru ekki einungis söngelskir heldur eru þeir dráttþagrir og þarna eru greinilega verðandi listamenn á ferðinni.

Hátíðahald í Flúðaskóla

Í tilefni afmælis skólans var efnt til mikillar hátíðar 1. júní s.l. Þar var margt gert skemmtilegt í tilefni þessara tímamóta. Farið var í skrúðgöngu, ýmsir leikir voru á dagskrá, útikennslustofa var í kvenfélagsgarðinum, grillað var og var þetta hin ánægjulegasta samkoma. Til stóð að halda þessa hátíð í haust og var bygging sparkvallarins í raun gerð m.a. vegna þessara tímamóta. Skólastjórnendum, kennurum og nemendum er óskað til hamingju á þessum tímamótum. Góður skóli er stolt hvers sveitarfélags.

Byggðastofnun í heimsókn

Stjórn og helstu starfsmenn Byggðastofnunar héldu hér stjórnarfund og fóru í skoðunarferð um Flúðir fyrir skömmu. Þetta var myndugur og mennilegur hópur. Þau heimsóttu fjögur fyrirtæki en þau voru: Límtré-Vírnir, Flúðasveppir, Garðyrkjustöðin að Melum og í lokin fengu þau að smakka á nýrri uppskeru af jarðarberjum hjá Olgu og Eiríki í Silfurtúni. Þannig að þau kvöddu með sætubragð í munni. Við bíðum spennt eftir því hvort eitthvað skemmtilegt komi út úr heimsókninni en þau létu afar vel af dvöl sinni hér og þótti merkilegt að heimsækja þessi fyrirtæki.

Glögg er gestsaugað

Byggðastofnunarmenn veltu fyrir sér hinu glæsilega listaverki hér á Flúðum eftir Einar Jónsson frá Galtafelli – þann fræga listamann sem eins og allir heimamenn vita var úr Hrunamannahreppi. Annað sem yngra fólkið hér veit e.t.v. ekki, en það var Hannes Bjarnason, á Varmalandi sem stóð fyrir því að þetta fagra listaverk var sett upp hér á Flúðum en áður hafði hann staðið fyrir söfnun í sveitinni til þess að af þessu gæti orðið. Hannes á einnig mörg handtökin í Límtrésverk-smiðjunni og hefur viðhaldð og útbúið ýmiskonar tæknibúnað sem þar er notaður.

MURNEYRARMÓT

Gæðingamót Smára verður haldið á Murneyrum laugardaginn 25. júní nk. Forkeppni í A- og B-flokki fer fram föstudagskvöldið 24. júní.

Keppt verður í:

- Barnaflokki
- Unglingaflokki
- Ungmennaflokki
- B-flokki
- A-flokki

Auk þess verður boðið upp á opna töltkeppni og opið 100 m. flugskeið
Vegleg verðlaun, eignabikarar í öllum verðlaunasætum, folatollar og peningaverðlaun í tölti og fljúgandi skeiði.

Skráningardagur er 20. júní hjá:

Sólveigu í s: 482 4340 / 699 1803
Bjarna Gunnlaugi í s: 893 5512

Skráningargjald í gæðingakeppnina: 2.000/1.500 fyrir fullorðna, 1.000 fyrir börn, unglunga og ungmenni. Keppendur þurfa að hafa fæðingarnúmer hrossa sinna tiltæk við skráningu.

Dagskrá og ráslistar nánar auglýst síðar á netmiðlum hestamanna

“Stubbanámskeið” – 5-6 ára byrjendur, 2 í hóp, 5 skipti, fyrsta námskeiðið hefst 13. júní. 7.000 kr./3.500 fyrir Smárafélaga

“Pollar og Pæjur” – 6-12 ára, 5 í hóp, 8 skipti, fyrsta námsskeiðið hefst 20. júní. 10.000 kr./5.000 fyrir Smárafélaga

“Unglinganámskeið” – 13 ára og eldri, 5 í hóp, 8 skipti, fyrsta námskeiðið hefst 20. júní. 10.000 kr./5.000 fyrir Smárafélaga

Námskeiðin eru bæði fyrir þá sem koma með eigin hest og þá sem fá hest og reiðtygi á staðnum. Kennnt mánudaga til fimmtudags. Hægt að geyma hesta á staðnum á meðan á námskeiðinu stendur. Smárafélagar fá niðurgreidd námskeiðsgjöld svo það er um að gera að skrá sig í hestamannafélagið. Námskeiðin eru bæði fyrri part dagsins og seinni partinn – fólk getur valið við skráningu.

Þjóðum auk þess upp á einkatíma og önnur námskeið eftir pöntun – bæði á virkum dögum og um helgar. Upplagt fyrir hressar konur og karla að taka sig saman og fá sérsniðið reiðnámskeið til að skerpa á kunnáttunni. Góð aðstaða, bæði reiðskemman og kennslugerði.

Kennarar: Sólveig Ólafsdóttir og Hermann Þór Karlsson, FT þjálfari og reiðkennari C.

Nánari upplýsingar og skráning í s: 482 4340 / 699 1803

Bætt starfsmannaaðstaða hjá Límtré.

Verið er að vinna að bættari starfsaðstöðu starfsmanna Límtrés hér á Flúðum. Þarna verður ný kaffistofa, bætt skrifstofuaðstaða og móttökusalur fyrir gesti en mjög algengt er að hópar komi hingað til þess að skoða þetta fyrirtæki, eins og reyndar mjög mörg önnur. Þessar breytingar eru allar til góðs og eru vonandi til þess að styrkja stöðir fyrirtækisins og starfsmanna hér á Flúðum.

Elín og Anna María hætta!

Elín Guðfinnsdóttir sem mjög lengi hefur verið traustur og dyggur starfsmaður Hrunamannahrepps hefur ákveðið að láta af störfum í haust. Elínu eru þökkuð góð störf í þágu hreppsins. Þá hefur Anna María Gunnarsdóttir sundlaugarvörður ákveðið að hætta sem sundlaugarvörður. Önnu eru einnig þökkuð farsæl störf hjá hreppnum. Í sumar mun Aðalheiður Jónsdóttir vera sundlaugarvörður en með henni vinna yngissveinarnir Daniel Reynisson og Jóhannes Helgason, nýstúdentar og eru þeim og öllum öðrum nemendum hér sem hafa verið að þreyta próf að undanförunni óskað til hamingju. Hér með er auglýst eftir fólki í störf þeirra Elínar og Önnu Maríu en þessi störf hefjast í **haust**.

Velheppnaður rusladagur

Það er skemmtileg hefð hér að halda sérstakan rusladag. Fyrir þessu er lögn hefð. Einstaklega vel tókst til að þessu sinni. Fleiri bílfarmar komu að allskonar “gummilaði” sem betur er komið á ruslahaugunum en fyrir dýra og manna fótum. Nú er bara að halda áfram að snyrta. Enn eru aðilar hér í hreppnum sem mættu standa sig enn betur hvað snyrtimennsku varðar. Hrein og falleg sveit er hluti af þeirri ímynd sem heimamenn og ferðamenn hafa og fá af viðkomandi byggðarlagi.

.Opnunartími og sumarleyfi á skrifstofu

Ákveðið hefur verið að opnunartími skrifstofu Hrunamannahrepps í sumar verði eftirfarandi: Mánudaga – fimmtudaga frá kl. 09- 12 og frá kl. 13.-16 föstudaga frá kl. 09.- 12.30 (frá 15. júní til 20 ágúst). Þá verður skrifstofan lokað vegna sumarleyfa frá 18. júlí til 1. ágúst.

Vegagerð – ryk

Loksins hafa verið boðnar út framkvæmdir við Auðsholtsveg og er líklegt að framkvæmdir geti hafist sem fyrst. Þá stendur til þess að endurnýja klæðningu frá Stóru-Laxárbrú í átt að Flúðum og er gert réð fyrir að endurnýjunin verði gerð á tveimur árum. Eðlilega hafa íbúar kvartað mjög yfir ryki vegna þeirra þurrka sem hafa verið í maí. Að mati Vegagerðarinnar er helst ómögulegt að rykbinda þegar vegir eru mjög þurrir þrátt fyrir að þeir séu bleyttir með tankbílum. Allt minnr þetta okkur á að pressa enn frekar á bættu vegagerð í hreppnum því íbúar eru hér langtum fleiri en þeir 750 sem skráðir eru – því sumarbústaðir hér eru fjölmargir.

Fjölhæfir starfmenn

Skóla- og stuðningsfulltrúar okkar eru fjölhæfar konur. Að undanförmu hafa þær verið að taka til á skólalóðinni, munda pensla og fúaverja hina glæsilegu girðingu sem er í kringum sparkvöllinn sem að sjálf-sögðu er úr Límtréi frá Límtrésverksmiðjunni okkar. Sagan segir að Heimir málari sé á útkikki eftir samstarfsaðilum úr þessum hópi.

Íþróttahúsið lokað í sumar

Þegar sumrar dettur niður notkun á íþróttahúsinu okkar. Þess vegna höfum við ákveðið að loka því frá 1. júní til 10 ágúst n.k. Nú er bara að safna krafti og kjarki og æfa úti í sumar og koma síðan tvíefld til leiks síðla sumars. Hinar kröftugu konur í íþrótt- og æskulýðsnefnd eru að undirbúa gönguferðir sumarsins og sundlaugin er opin í sumar. Þannig að enginn ætti að þurfa að hætta að hreyfa sig.

24. maí síðastliðinn fórum við ásamt slökkviliðinu í heimsókn í leikskólann. Krakkarnir fengu að skoða bílana og nokkur tæki sem við komum með ásamt því að við minntum á neyðarlínuna 112 og gáfum krökkunum barmmerki og límmiða til að líma á símataeki. Gott er að minna krakkana og okkur sjálf,reglulega á símanúmerið hjá neyðarlínunni, þar sem það getur skipt sköpum ef eitthvað kemur uppá . Núna í skólalok kom svo 5. bekkur í heimsókn til okkar uppí Björgunarsveitarhús, skoðaði húsið og búnaðinn og fékk aðeins að kynnast því sem fellst í því að vera starfandi í björgunarsveit. Heimsóknina enduðum við svo á því að fara í kassaklifur og er óhætt að segja að krakkarnir hafi haft nokkra yfirburði yfir þá fullorðnu og meira að segja náði einn nemandi svo langt að komast uppí rjáfur á húsinu.

Það er mjög gaman að sjá hve áhugasöm krakkarnir eru, sama á hvaða aldri þau eru, vonum við að sá áhugi haldist og við sjáum þau koma og starfa með okkur í framtíðinni því alltaf vantar gott fólk í félagið.

Tölvupóstfang félagsins er bfeyvindur@simnet.is

Og ef fólk vill koma einhverju á framfæri til okkar þá er endilega að nota það eða hringja í stjórnarmeðlimi. Á síðasta aðalfundi gekk Bjarki Jónsson úr stjórn og Ágúst Helgi Sigurðsson kom inn í hans stað og er því stjórnin svona í dag.

Formaður :Borgþór Vignisson 895-3760

Ritari:Ágúst Helgi Sigurðsson 866-5681

Gjaldkeri: Óskar Rafn Emilsson 862-4944

***Með von um að þið eigið gott og slysalaut sumar.
Björgunarfélagið Eyvindur***

Frá Björgunarfélaginu Eyvindi.

Ágætu sveitungar og aðrir lesendur Pésans

Nú er loksins komið sumar og því ekki úr vegi að taka saman það helsta sem var á döfinni hjá okkur í vetur.

Fjáraflanir hafa verið stór hluti af okkar starfi, svo sem dósa-söfnum, sjúkrakassasala blómasala, jólatrjásala, gæsla og að sjálfsögðu sjálf flugeldasalan. Við höfum verið mjög heppin með það að sveitungar og aðrir velunnarar hafa alltaf tekið fjáröflunum okkur vel og hefur rekstur björgunarfélagsins gengið fyrir ykkar hjálp. Flugeldasýning hefur fest sig í sessi og hafa fyrirtæki styrkt sýninguna. Þökkum við þessum fyrirtækjum kærlega fyrir þeirra framlag til sýningarinnar.

Að sjálfsögðu þarf að huga að fleiru en fjáröflunum því til að vera í stakk búinn að takast á við útköll og hjálparbeiðnir þarf að hafa góðan búnað og mannskap sem kann á búnaðinn.

Farið var í nokkrar æfingaferðir og á nokkur námskeið, bæði með öðrum björgunarsveitum og svo Eyvindur einn og sér.

Samæfing á svæði 3 (Árnessýsla) var haldin í byrjun apríl og fór mannskapur, tveir bílar og bátur og tóku þátt í þeirri æfingu. Bátinum og þeim mannskap sem honum tengist var boðið að vera með í Sjómannadagsdagskánni á Stokkseyri á dögnum og víst er að það var góð æfing fyrir okkar (landkrabba 😊) mannskap.

Nokkur útköll og hjálparbeiðnir hafa verið í vetur.

Gaman er að geta þess að allir vinnuveitendur hafa verið mjög jákvæðir að gefa okkar fólki frí úr vinnu þegar við þurfum á því að halda og viljum við þakka þeim það kærlega, því oft eru útköll á vinnutíma og geta staðið yfir í fleiri en dag.

Í haust var ákveðið að kaupa slöngubát til að hafa til taks þar sem mörg útköll hafa verið, í og við Hvítá. Slysavarnarfélagið Landsbjög veitti styrk fyrir kaupnum og var báturinn mættur, ásamt þurr göllum og björgunarvestum, í hús í nóvember.

Hættulegur hraðakstur

Talsvert er kvartað yfir því að öikumenn aki of hratt t.d. hér í þéttbýlinu á Flúðum. Hér er mikið af litlum börnum að leik og eru öikumenn eindregið hvattir til þess að hæga á sér og taka tillit til þessara ungu vegfaranda. Á sama hátt eru foreldrar hvattir til þess að brýna fyrir börnum sínum hættunna sem fólgnar eru í því að vera að leik á götunni.

Flúðaegg

Það gleymist stundum þegar verið er að nefna hve Hrunamanna-hreppur er mikil matvælakista en það er eggjaframleiðslan hjá þeim hjónum Helgu Teitsdóttur og Jóni Hermannssyni á Högnastöðum. Egginn eru seld undir nafninu Flúðaegg. Ólyginn sagði mér að þessi egg væru alveg dulmögnuð ekki síður en hin fjölbreytta tómataflóra sem er að verða til hér á Flúðum og þegar þessar afurðir eru borðaðar saman vex mönnum ásmegin sem aldrei fyrr. Þetta á við á hinum ólíklegustu sviðum. Jón hlýtur að eiga vísu um áhrifamátt eggjanna!

Jóhannes stefnir á undrahraða í landsliðið.

Þeir eru engum líkir karlarnir á Flúðum. Menn velta mjög fyrir sér genunum sem í þeim eru því þeir eru bæði unglegir og sprækir. Nú er svo komið að Jóhannes Sigmundsson, sem þjóðskráin skráir sem elli-lífeyrisþega, stefnir óðfluga í landslið öldunga í golfi. Er ekki komið upplagt tækifæri fyrir Kára Stefánsson að rannsaka þessa kraftmiklu karla hérna. Þar sem ég er konulaus á Flúðum þori ég ekkert að skrifa um kraftmiklar konur – en þær eru vissulega til hérna líka.

Hundar í bandi

Það er einnig kvartað undan lausum hundum á Flúðum. Sérstaklega er þetta hvítleitt fyrir fólk sem er hreinlega hrætt við hunda og þess eru líka dæmi að hundar fæli hesta en þetta er einmitt tíminn sem hestamenn ríða bisperrtir um hérað og fátt fer meira í taugarnar á þeim höfðingjum en lausir hundar auk þess sem mjög hættulegt er ef þeir fæla hrossin.

Veitustjórn í kaldvatnsleiðangur

Hannibal Kjartansson fór með veitustjórnina að upptökum Blákvíslar á dögnum. Því eru stundum haldið fram í gáska að kalda vatnið hér í hreppnum sé jafnvel verðmætara en heita vatnið. Alltént þurfum við að hafa meira fyrir því að afla okkur góðs neysluvatns en heita vatnsins á flestum stöðum í hreppnum. Þetta er þó svæðisbundið. Ótrúlega mikið fer af köldu vatni hér ekki síst um helgar, þá er fólk gjarnan að vökva garða, túnbletti við sumarbústaði o.s.frv. Mjög góður tæknibúnaður er hér og Hannibal veitustjóri athugar á hverjum morgni stöðu kaldvatnsmála, en hann getur fylgst með stöðunni í tölvu hér á skrifstofunni. Vegna langvarandi þurrkatíðar er fólk hvatt til þess að fara vel með kalda vatnið til að forðast að til skömmtunar þurfi að koma.

Sameining sveitarfélaga

Fyrsti fundur fulltrúa uppsveita Árnessýslu var haldinn fyrir skemmstu. Fulltrúar Hrunamannahrepps í nefndinni eru oddviti og sveitarstjóri. Starfsmaður hefur verið ráðinn en það er Eva Marín Hlynsdóttir, stjórn málafræðingur frá Hrafnkelsstöðum. Hún mun stýra starfi nefndarinnar en formaður hennar er Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps. Væntanlega verður efnt til íbúafþings, gefin út upplýsingarit o.fl. Sjálfsagt þykir einhverjum tíminn sem valinn verður til fundarhalds sérkennilegur þ.e. sumar og haust en það er auðvitað annatími í sveitum en við eigum ekki margra kosta vöð því ákveðið hefur verið að kjósa um sameiningu 8. október n.k. Ef um sameiningu verður að ræða er ekki úr vegi að leggjast undir feld og finna gott nafn á sveitarfélagið. Ef ekki núna þá getur það eflaust nýst síðar.

KÖRFUBOLTAFRÉTTIR.

Nú er körfuboltinn kominn í sumarfrí og aðrar íþróttagreinar komnar á fullt, sem hægt er að iðka undir berum himni. Starfið í vetur gekk vel og margir flokkar voru í baráttu um toppsæti bæði í Íslandsmóti og HSK móti. Keppendur ásamt þjálfurum, foreldrum og systkinum geystust á hvert mótið á fætur öðru og gerðu garðinn frægan, misjafnlega mikið þó eins og gengur og gerist. Hópiþrótt eins og körfuboltinn er, reynir ekki síður á félagslegan þroska en líkamlega getu og eiga margir krakkar, sem ekki eru kannski alltaf í fremstu víglínu, heiður skilinn fyrir baráttuanda og stuðning við félagi sína.

Lokahóf voru haldin fyrir alla flokka á dögnum, veittar voru viðurkenningar og etnar pizzur, ólmast í sundlauginni undir miklum hávaða sem Ívar Ásgeir framkallaði (takk fyrir hjálpina Ívar), en hávaðinn kom úr græjunum sem Árni Hjaltalánaði okkur (takk fyrir það Árni).

Við þökkum Árna Þór þjálfara fyrir gott samstarf í vetur og gefum honum smá pásu í sumar svona rétt til að safna kröftum fyrir næsta vetur.

Á fjölmönnum aðalfundi deildarinnar fyrir skömmu var skipt um stjórnarliða, í stað Jóns, Siggu og Möggu komu þrjár galvaskar konur til starfa, þær Hrun Harðardóttir (formaður), Stína kokkur (gjaldkeri) og Ingibjörg kennd við Garð (ritari).

Við óskum þeim velfarnaðar í starfi um leið og við þökkum fyrir samstarfið s.l. ár.

Það veltur mikið á foreldrum að svona starf gangi vel og vonum við að foreldrar flykkist til samstarfs við þessar konur.

**GLEÐILEGT SUMAR OG TAKK FYRIR VETURINN
GAMLASTJÓRNIN.**

Smárafréttir

Nú er að ljúka reiðnámskeiði sem er á vegum æskulýðsnefndar. Kennari er Hugrún Jóhannsdóttir í Austurkoti. Þátttaka hefur verið einstaklega góð, en alls hefur verið kennt í 9 hópum bæði á Flúðum og í Árnesi og hafa þátttekendur verið á öllum aldri frá 4ra og uppúr. Þarna eru margir knapar að stíga sín fyrstu spor á sviði hestamenskunnar og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

MURNEYRARMÓT 2005

Gæðingakeppni Smára verður haldin á Murneyri laugardaginn 25. júní. Þar verður keppt í hefðbundnum flokkum þ.e.a.s. barna, unglinga, ungmennaflokkum auk A og B flokks gæðinga. Einnig verður opin keppni í tölti og í 100m flugskeiði þar sem verða vegleg verðlaun í boði. Eins og á síðastliðnu ári stendur Smári einn að Murneyrarmótinu. Á síðasta sumri þótti takast vel til og var þátttaka með besta móti í flestum flokkum. Nú er bara að gera enn betur, liðka klárinn og skella sér á völinn.

Netfangaskrá.

Nú stendur til að koma upp netfangaskrá fyrir þá sem vilja fá fréttir frá félaginu á tölvupósti. Sendið tölvupóst á netfangið smara-menn@internet.is og þið verðið sett á póstlistann. Þetta er fyrst og fremst gert til að hægt sé að senda fleiri fréttir af því sem er að gerast hjá félaginu og einnig til að minnka kostnað. Dreifibréfasendingum verður því hætt að mestu, en áfram verða birtar fréttir í fréttabréfum sveitarfélagnna. Við hvetjum sem flesta til að nýta sér þessa þjónustu.

Að gefnu tilefni vegna firmakeppni.

Þar sem óánægju hefur gætt meðal félaga vil ég aðeins setja nokkur orð á blað. Á firmakeppninni voru keppendur að keppa sem ekki eru skráðir félagar í Smára. Ekki eru til neinar reglur um keppnina hjá félaginu en það er nú þannig með firmakeppnir almennt að þær eru fyrir alla ef ekki er annað auglýst óháð því hvort viðkomandi er félagi í einhverju félagi eða ekki. Þetta hefur ekki verið vandamál hjá félaginu fram að þessu en hér eftir verða settar reglur um þetta mót svo koma megí í veg fyrir að þessi staða geti komið upp. Sumir eru bara þannig að þeir reyna að komast eins langt og þeir geta óháð hefðum og venjum. Ég vona að þetta verði ekki til þess að menn hætti að mæta og keppa á mótum félagsins.

Sumarkveðja Formaður

Unnið að kortlagningu reið- og gönguleiða

Áhugasamt fólk hér í heppnum vinnur að sameiginlegri kortagerð um reið og gönguleiðir. Stefán Jónsson í Hrepphólum og Haraldur Sveinsson á Hrafnkelsstöðum hafa verið lykilmenn varðandi reiðleiðir í hreppnum. Hins vegar hefur æskulýðs- og íþróttanefnd borið hita og þunga af tillögum um gönguleiðir í hreppnum. Þetta eru þær Halldóra Hjörleifsdóttir á Fossi, Magga S. Brynjólfsdóttir á Túnsbergi og Hrund Harðardóttir á Flúðum. Þær hafa einnig staðið fyrir afar skemmtilegum gönguferðum um hreppinn á sumrin og munu halda því áfram. Til þess að geta gefið út svona kort verða landeigendur sem hlut eiga að máli að gefa samþykki sitt. Bréf vegna þessa hefur verið sent til landeigenda og eru þeir beðnir um að hafa samband við einhvern nefndarmanninn fyrir 1. júlí n.k.



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 10. júní, 24. júní
og 8. júlí.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Nýtt símanúmer í Laugarási.

Heilsugæslustöðin í Laugarási hefur
fengið nýtt símanúmer.

480 5300

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:
Andlitsbað
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342

Skógræktarfélag Hrunamannahrepps

Okkar árlegi útplöntunardagur í Kópsvatnsási verður miðvikudaginn 15.júní næstkomandi og hefst kl. 20:30 Þetta er tilvalið tækifæri fyrir félagsmenn og alla aðra að hittast og spjalla saman, vinna skemmtilegt verk litla stund og setjast svo niður og fá sér kók og prins.

Stjórnin

VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.
Vöruafgreiðsla í Rvk.
ADALFLUTNINGAR ehf.
Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.
Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00
Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00
Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson
Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum

Þar sem ég hef nú lokið náminu í Nuddskóla Íslands er ég byrjuð að nudda og er á tveimur stöðum:
Selfossi. Mánudaga og miðvikudaga, í Jógastöðinni Hugform að Gagnheiði 40(sjá líka www.hugform.is).
Á Laugarvatni. Þriðjudaga og Fimmtudaga, í Íþróttahúsinu þar.
Þannig að þeir sem vilja komast í gott nudd geta pantað tíma í síma 820 0658.
Heildrænt nudd/meðferð, ilmólíumeðferð, sogæðanudd, svæðanudd, klassískt nudd, triggerpunkta meðferð, íþróttanudd, slökunarnudd.
Kristjana Kjartansdóttir
Laugarvatni

Fótboltasumar 2005.

Æfingar fyrir drengi “91—”92

Sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga.

Kl: 20:00—21:30.

Drengir “93—”94

Þriðjudaga og fimmtudaga kl: 18:00-19:20

(Fram að ESSO móti 28. júní, síðasta æfing þriðjudag)

Fótbolti stelpur.

Æfingar verða þriðjudaga og fimmtudaga kl. 20:00—21:00

Hestaferðirnar að byrja!!

Get brúkað hrossin fyrir ykkur, eins og undanfarin ár.

Einungis þæg og töltgeng hross koma til greina.

Hjalti Fossnesi

S: 486 6079 og 848 0969

Til sölu.

Tvær hillusamstæður og skrifborð.

Upplýsingar í síma 869 3094

Svanhildur

Leikskólinn Undraland

Við óskum eftir starfsmanni í afleysingu í ræstingar. Þeir sem hafa áhuga vinsamlega leitið frekari upplýsinga hjá leikskólastjóra.

Þemasýningin var haldin 21. maí, hún var glæsileg og prýdd fjölda ljósmynda. Á sýningu sem þessari gefst börnunum tækifæri til að sýna gestum og gangandi afrakstur náms og leiks vetrarins.

Vorskóli var 10.11.og 12 maí þrjá daga samfellt. Fyrstu bekkingar voru í leikskólanum og leikskólabörn fóru í Flúðaskóla. Börnin fóru saman í sund og í Kvenfélagsskóginn og grilluðu. Leikskólabörnin unnu að verkefni sem síðan bíður þeirra þegar þau mæta í Flúðaskóla í haust, góð tenging.

Útskriftarferð var farin með elstu börnin í leikskólanum 25. maí. Í ár voru börnin þrettán. Við þræddum heimili barnanna hvert af öðru. Börnin gátu með því móti sýnt hvort öðru hvar þau eiga heima. Ævintýrið byrjaði í Skipholti þar sem við hittum fyrir kolbrjálaðar kindur. Síðan var ferðinni heitið á Flúðir og flestar götur skoðaðar þar, áfram var haldið og stoppað á Álfaskeiði þar réttum við úr okkur og skoðuðum tré og kletta. Áfram var haldið og næsta stopp var á Hrafnkelsstöðum þar var vel tekið á móti okkur og fengum við að sjá kýrnar og kálfana. Við grilluðum í garðinum hjá Alla og fengum hlýjar mót-tökur. Eftir góðan hádegisverð var ferðinni heitið í sundlauginna þar busluðum við og lékum okkur þó nokkra stund, klæddum okkur síðan í betri fötin og haldið af stað á Útlaganum, þar endaði dagurinn með útskriftarskjali og rós. Við þökkum Árna Hjaltasyni fyrir frábærar móttökur, einnig þökkum við Valnýju í Skipholti og bóndanum á Hrafnkelsstöðum fyrir móttökurnar.

Við óskum öllum gleðilegs sumars og þökkum fyrir veturinn.

Kær kveðja
Starfsfólk Undralands

Golfnámskeið

Golfnámskeið verður haldið á Ásatúnsvelli dagana 25. og 26. júní .
Leiðbeinandi verður Steinunn Sæmundsdóttir.
Námskeiðinu verður skipt upp í þrjá hópa.
Kvennahóp, parahóp og lengra komna.
Nánari upplýsingar og skráning í síma:
486-6601 og 898-6683

Frá Bókasafni Hrunamanna.

Sumaropnun frá og með 1. júní – 31. ágúst:

Mánudagar	Kl. 20-21
Þriðjudagar	Kl. 16-18
Miðvikudagar	Kl. 16-18

Alltaf nýtt efni í hverri viku.

Eldri Hrunamenn!

Munið eftir gönguferðunum.
Hittumst við Félagsheimilið kl. 14:00 á þriðjudögum.
Göngunefndin

Unglingaball á Útlaganum.

Útlaginn og Þjóðhátíðarnefnd Hrunamannahrepps standa fyrir unglingaballi fimmtudagskvöldið 16. júní.
Hljómsveitin Veðurguðirnir sjá um fjörið og á undan spilar hljómsveitin Antares.
Aldurstakmark: Unglingar fæddir 1992 og eldri.
Aðgangseyrir: 500 kr, -
Húsið opnar kl. 21:30 og ballinu lýkur kl. 01:00

Óskum eftir barnapíu til að gæta tveggja barna,
9 mánaða og 4. ára
Upplýsingar í síma 486-5526 og 869-6692

Frá Hrunasókn.

Aðalfundur sóknarinnar var haldinn 2. maí síðastliðinn. Helstu fréttir úr okkar starfi eru þær að hafin er vinna við stækkun kirkjugarðsins í Hruna. Einar Sæmundssen hjá Landmótun sá um hönnun og teikningu garðsins en Gröfutækni vinnur verkið og eru verklok áætluð í ágúst. Einnig er unnið að endurbótum í Tungufelli í samvinnu við Þjóðminjasafnið. Haldið verður áfram að laga kirkjuna í sumar og garðurinn girtur upp á nýtt við fyrsta tækifæri. Til stendur að ljúka öllum framkvæmdum við kirkjuna fyrir 150 ára afmæli hennar á næsta ári.

Áhugasamir félagar úr ÁSÆL ætla að hirða kirkjugarðinn en hann er vanalega sleginn fjórum sinnum á sumri.

Eftir síðasta aðalfund er sóknarnefndin þannig skipuð: Marta Esther Hjaltadóttir formaður, Jóhanna Ingólfssdóttir gjaldkeri, Loftur Þorsteinsson ritari, Guðríður Þórarinsdóttir og Unnsteinn Hermannsson meðstjórnendur. Varamenn eru: Gísli Einarsson, Anna Björk Matthíasdóttir, Jón Óli Einarsson,

Sigríður Guðmundsdóttir og Sigurjón Sigurðsson.

Til gamans langar mig að segja frá því að í vor voru 50 ár síðan fermingarbörn klæddust hvítum kyrtlum í Hrunakirkju. Þetta var á hvítasunnudag þann 29. maí 1955. Fermd voru 5 ungmenni, þau: Guðrún Emilsdóttir, Haraldur Sveinsson, Ragnhildur Magnúsdóttir, Jón Dagbjartsson og Jón H. Kristófersson.

Kvenfélag Hrunamannahrepps gaf kirkjunum kyrtlana og skyldu þeir vera notaðir jafnt í báðum kirkjum.

Fróðir menn segja mér að vorið 1955 hafi verið kalt og þurrt eins og núna og í kjölfarið mikið rigningasumar.

Við vonum bara að sagan endurtaki sig ekki.

Með kveðju, fyrir hönd sóknarnefndar.

Marta Esther Hjaltadóttir



FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Alla virka daga

Frá: VM Flytjanda

Klettagörðum 15, kl: 12:00. Frá Selfossi kl: 13:30

Pálmar: 892-2370, Stefan: 892-2371, Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

(fludaleid@simnet.is)

ATHUGIÐ BREYTTA BROTTFARARTÍMA



Kvennareiðtúr 19. júní 2005.

Jæja konur, nú er komið að því.

Sunnudaginn 19. júní verður lagt af stað frá Flúðum kl: 15:00 í hinn árlega kvennareiðtúr.

Förum upp með Litlu Laxá að Túnsbergi, þaðan Kirkjuskarðið að Kópsvatni og meðfram Hvítárbökkum út að Kaffi Seli, en þar mun bíða okkar mexíkanskt hlaðborð kr. 1500 pr. mann. Mætum sem flestar hressar og kátar og hvetjum þær, sem ekki komast ríðandi að borða með okkur á Kaffi Seli.

Þátttaka tilkynnist til Ragnheiðar 486 6567—867 8119 og Helgu 486 6702—895 6702.

Fyrir 17. júní.